

RANNSÓKNARLÖGREGLUSTJÓRI RÍKISINS

HE/ps

RÍKISSAKSÓKNARI

Málskrá, nr. 76/76

Kópavogi, 16. janúar 1980

Með bréfi yðar, herra ríkissaksóknari, dagsettu 14. þ.m., barst rannsóknarlögreglu ríkisins bréf hdl. Páls A. Pálssonar, dagsett 14. þ.m. ásamt ljósriti af vottorði Guðsteins Þengilssonar, læknis, dagsettu 11. þ.m., og ljósriti af bls 52 í XXVI.hefti ágríps Hæstaréttarmálsins nr. 214/1978. Var þess óskað, að rannsóknarlögregla hlutaðist til um þá rannsókn, sem lögmaðurinn færi fram á í bréfi sínu, sbr. 4. mgr. þess.

Vegna þessa sendi ég yður hér með skýrslu Njarðar Snæhólm, yfirlögregluþjóns, um athugun hans af þessu tilefni. Skjöl þau, sem fylgdu fyrrgreindu bréfi yðar endursendast. Á fyrrgreint ljósrit vottorðs Guðsteins frá 11. þ.m. hefir hann nú ritað athugasemd.

*Þórir Thelmar*

e. u.

Ríkissaksóknari,  
Reykjavík.

RÍKISSAKSÓKNARI

Bréfabók, nr. 195/80

<b>RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS</b>	<b>SKÝRSLA</b>	RLR nr.	Skjal nr. 2	Bls. nr. I
		RKS nr.		
Staður og stund: Auðbrekka 61 Kópavogi 15.01.1980.		Nr. .... lagt fram í sakadómi		
Gerð af: Nirði Snæhólm.				

Varðandi bréf frá Páli Arnóri Pálssyni hdl. dags.14.01.80. Beiðni um frekari athuganir ályfjagjöfum til Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Í morgun kl.0900 fór ég í síðumúlafangelsið og talaði við Guðstein Þengilsson, læknir. Kynnti honum bréf Páls Arnórs dags.í gær.

Guðsteinn sagði að Kristján Viðar Viðarsson hefði komið í fangelsið í síðumúla frá Litla-Hrauni þann 05.12.75 og þá hefðu fylgt honum lyf þau er um getur í efsta lið á skrá sinni dags.7.nóv.79. Þann 23.s.m.hefði komið staðfesting frállækninum fyrir austan um að Kristján ætti að hafa þessi lyf. Þessi lyf hefði Kristján haft til 03.01.76 en þá hefði hann fengið clorali í staðinn fyrir truxal,

þann 23.12.76 fær hann svo melleril, eina töflu að kvöldi. Ekki þrjár á dag. Fékk hinsvegar neopyllin, þrjár töflur á dag, en tryptizol að kvöldi. Segir að dagsetningar sáu miðaðar við breytingu á lyfjagjöfum.

Þá sagði Guðsteinn að tvær neðstu línurnar í vottorði hans dags.11.jan.80. væru ekki réttar. Hann hefði fengið feil upplýsingar í síma og ekki haft möguleika á að kanna þær þá.

Biður lögmanninn um að lesa sér til um fleiri lyf í fyrra vottorði. Segir að ekki sé hægt að fá betri heimildir en þetta.

Segist ekki sjá hvernig sjúklingur geti fylgst nákvæmlega með því hve mikið hann fékk af hverri tegund. Hann viti ekki betur en að pillurnar hafi verið gefnar muldar í "Guðmundar og Geirfinnsmálinu". Fangavörður sagði mér einnig að hann myndi ekki betur en byrjað hefði verið að mylja pillurnar í mennina í ofangreindu máli.

Einnig var mér sagt að lyfin væru ekki tekin á nöfn vistmanna í apótekinu. Þetta til að koma í veg fyrir að vitað væri hverjir væru í fangelsinu.

N. Snæhólm.

# Lögmannastofa


Bergstaðastræti 14 101 Reykjavík  
P.O. Box 1177 Símar (tel.) 24200 & 23962

Páll J. Pálsson hrl.

Stefán Pálsson hdb.

Páll Arnór Pálsson hdb.

Ríkissaksóknari,  
Hverfisgötu 6,  
101 Reykjavík.



Reykjavík, 14. janúar 1980.

Efni: Hæstaréttarmálið nr. 214/1978:

Ákærvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni o.fl.

Í XXVI. hefti bls. 52 í ágripum þessa máls eru upplýsingar frá fangelsislæknum varðandi lyfjagjafir til skjólstæðings míns Kristjáns Viðars Viðarssonar frá 5. des. 1975 til ársloka 1977.

Samkvæmt skránni var þann 23. des. 1976 byrjað að gefa Kristjáni Viðari 75 mg. af tryptizol fyrir svefn og 25 mg. af melleril fyrir svefn auk fleiri lyfja og hafi hann haldið þeim skammti allt til 30. júní 1976.

Kristján telur sig hafa fengið 3 töflur af Melleril 3svar á dag en það samræmist ekki skrá lækna eða nýju vottorði Guðsteins Þengilssonar læknis dags. 11. jan. 1980 sem hér fylgir. Þá er ekki samræmi milli þess vottorðs og fyrri skrár lækna um lyfjagjafir.

Óska ég eftir að leitað verði frekari upplýsinga um lyfjagjöf til Kristjáns Viðars á tímabilinu 23. des. 1976 til 30. júní 1977 og þá sérstaklega varðandi lyfið Melleril. Hægt væri að fá vitneskju um það m.a. frá viðkomandi apóteki hvað mikið af lyfinu var afhent til Hegningarhússins, Skólavörðustíg 9 á þessum tíma.

Vænti ég þess að upplýsingar um þetta verði komnar fyrir  
n.k. fimmtudag.

Virðingarfyllst,

Páll A. Pálsson

Páll Arnór Pálsson, hdl.

RIKISLÆGUR TARI  
Bréfat. n. 170/80



## Lyfjanoftkun Kristjáns Viðars.

Kristján kemur að því er virðist frá litla-mrauni í fangelsið við  
 Sumúla 5/12 1975 og er þá á þessum lyfjum:

- 5/12 1975: valium 10 mg. x 3 á dag  
 librax 1 tbl x 3 á dag  
 mogadon 5 mg. vespere og 5 mg x 2 á dag  
 truxal 50 mg. vesp.
- 3/1 er Kristján með mixt. chlorali, 15 ml í stað truxal.  
 Þinnig hefur hann notað um tíma bactrim, pyridium og polaramin duplex  
 vegy1) gegn vissum sjúkdómum. Þinnig caps tetracyklin og spir. kenalog.
- 4/5 1976. valium löng. x 3 mogadon 1 x 2 og dalmadon 30 mg vesp.  
 librax 2 tbl 2svar polaramin dupl. 1 x 2 mixt chlorali 15 ml  
 vesp. tetracyklin 250 mg. dgl, spir betnovate, emulsio par-  
 affini, ABCD-in töflur
- 5/6 1976: Fær calcium Sandoz töflur 500 mg x 2 að auk.
- sept. 1976: Tanderil 2 tbl x 2 og ampicillin 500 mg x 3 um tíma
- 14/11 1976: primperan 1 x 3, indocid 25 mg x 3 librax 1 x 3, calc. 1 x 3
- 23/12 1976: tryptizol, 75 mg vesp, melleril 25 mg vesp diazepam 10 mg  
 x 3, librax 1 x 3 neophyllin 1 x 3
- 30/6 1977: Mogadon 1 x 3 og 2 tbl vesp, librax 1x3 librium 10 mg x 3  
 Þar við bættust B-combini 3x3 phenoximethylpenicillin  
 0,32 g x 3-4 og spir kenalog. Síðar breytti caps tetracyklín  
 og sol tricosan. ungv. topicini.
- 24/9 1977: mogadon 5 mg x 3 og 10 mg vesp. B-comb. 2x3, tegretol 1x3  
 diazepam 10 mg x 3 bactrim 2x2.

Þessum skammti heldur Kristján í stórum dróttum til ársloka  
 1977.



7. nóv 1979



GUDSTEINN PENINGSSON  
 LÆKNIR  
 DIGRANESVEGUR 12, KÓPAVOGI  
 SÍMI 43400